

31

2. apríl

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34 frá 1. febr. 1936.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er með reglugerð að veita fyrst um sinn undanþágu frá ákvæðum 6. og 8. gr. um aðgreiningu kortaflna í I. flokki eftir tegundum og auðkenning þeirra.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

32

2. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Enginn má slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heilidsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru slátruhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 3. málsl. þessarar greinar, sömu-leiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um slátruhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátruleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárens til slátruhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

2. gr.

32

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. apríl

*Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Þór.***L Ö G**

33

um breyting á lögum nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands.

2. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

a. Stofnfé sjóðsins er: Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda eins og þær eru nú.

b. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.

2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkv. lögum nr. 63 28. jan. 1935.

3. Vextir.

2. gr.

A-liður 4. greinar laganna orðist svo:

Skipakaupa og skipabygginga. Hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til þess að fullnægja lánsþörfinni, skulu skip innan 150 smál. sitja fyrir lánnum.

Aftan við greinina bætist nýr stafliður, er hljóðar svo:

c. Til dráttarbrauta.

3. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Sjóðurinn lánar aðeins gegn 1. veðrétti.

4. gr.

Í stað orðsins „b-lið“ í 6. gr. laganna komi: b-lið og c-lið.

5. gr.

Í stað orðanna „4½% — fjórir og hálfur af hundraði“ í 7. gr. laganna kemur: 4% — fjórir af hundraði.

6. gr.

Á eftir 7. gr. laganna koma 3 nýjar greinar, er verða 8., 9. og 10. gr., svo hljóðandi:

a. (8. gr.) Við fiskveiðasjóð skal stofna sérstaka deild, er hefur það hlutverk að veita 2. og 3. veðréttar lán til byggingar fiskibáta innan 150 smálesta. Til þessarar deildar ganga frá 1. jan. 1943 33½% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutnings-